

## 8. bekkur upplýsinga- og tæknimennt

---

Kennarar: Daði Guðjónsson

### Lýsing

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur eiga að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

### Markmið

Markmiðið er að nemandi geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga til stuðnings í námi sínu, einn og í samvinnu við aðra. • að nemandi geti rannsakað fyrirbæri og sett niðurstöður fram á skipulegan hátt m.a. með skráningu, teikningum og upplýsingatækni. • að nemandi geti notað fjölbreytta miðla við skipulag, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda.

### Námsefni

Efni frá kennara.

### Kennsluaðferðir

Leitast er við hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar svo sem verklegar æfingar, rannsóknarverkefni, spurningakannanir, vettvangsathuganir, viðtöl, gagnagreining, tilraunir, efnis- og heimildakönnun, áhugasviðsverkefni, lausnaleytnám og samvinnunám. Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggir á. Einnig er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið.

### Námsmat

Námsmat er fjölbreytt og byggir á virkni nemandan og þeirri afurð sem unnið er með, hvort sem er í formi ritunar, hljóðvinnslu, tónvinnslu og myndvinnslu eða annars konar miðlunar. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat, sem gefur upplýsingar um hver staða nemandans er, hvort hann þurfi aðstoð og hvernig megi örva hann til frekari framfara. Nemendur fá samantektareinkunn í lok skólaárs.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaverið á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- Unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Unnið á skapandi og gagnrýninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- Nýtt efni á margvíslegu formi og rafrænan stuðning, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
- Nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- Beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Sköpun og miðlun

- Útskýrt einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8.-10.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.

